



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á þingi Sambands norrænna kirkjugarða
Reykjavík
25. ágúst 2005**

Ágætu þingfulltrúar.
Kæru norrænu vinir.

Þegar ég var að alast upp hjá afa mínum og ömmu í litlu sjávarplássi vestur á fjörðum skynjaði ég ungur hve sérstakan sess kirkjugarðurinn átti í hugum íbúanna.

Hann var ekki aðeins reitur hinna látnu, lotningar sem ættingjar sýndu minningum um foreldra, systkini, börn og aðra sem tengdust fjölskyldunni nánum böndum. Kirkjugarðurinn var líka samnefnari sögunnar sem þorpið átti. Legsteinarnir minntu á ævi bænda og sjósóknara, mæðra og húsfreyja, kennara og presta; nöfnin stíklur í sögum sem við heyrðum ung.

Kirkjugarðurinn var líka áður fyrr helsti og stundum eini skrudgarður byggðarlagsins. Þar höfðu tré verið gróðursett, fyrr og fleiri en annars staðar og smátt og smátt varð hann vegvísir um gróskuna sem finna mátti í þessum firði; æ fleiri tóku kirkjugarðinn sér til fyrirmyndar. Nú líkist þorpið nánast skógarbyggð og voldugir stofnar trjáanna sem voru hríslur í æsku minni sýna að tíminn líður, árin telja.

Ég hef skynjað sterkt á ferðum mínum um byggðir landsins, hvort heldur komið er í íslenska sveit eða til útgerðarbæja, í iðandi þorp eða yfirgefna eyðibbyggð að kirkjugarðurinn var og er helgur kjarni í vitund fólksins, vísbending um söguna sem tengir saman kynslóðirnar.

Upp til dala, við timburkirkjur frá fyrri öldum, eru leiðin, eitt af öðru, hlekkir í langri keðju, margslunginni sem veitir okkur djúpa sýn á örlög íbúanna.

Mér fannst líka merkilegt að kynnast kirkjugörðum á slóðum Íslendinga í Vesturheimi, einkum nærri Mountain í Norður-Dakóta. Þessir garðar eru einstæður vitnisburður um örlög fólksins sem fyrir meir en hundrað árum yfirgaf Ísland, fátækt en með drauma í farteskinu, og settist að á sléttunum miklu, glímdi með hjálp indíánanna við að yrkja landið – en var þó áfram með hugann heima, orti ljóð og kersknisvísur, en byggði líka kirkjurnar fimm, litlar og fagrar, hver og ein listasmíði. Þar komu landarnir saman, sungu sálmana íslensku og námu guðsorð á móðurmáli. Smátt og smátt fjölgaði leiðunum í kringum kirkjurnar fimm uns nú blasa þar við í hverjum kirkjugarði ættarsögur landnemanna, hvert og eitt leiði áminning um örlög fólksins sem yfirgaf Ísland en var þó áfram með hugann heima.

Söm voru hughrifin þegar ég í sumar gekk um kirkjugarðinn í Spánskum Forki, Spanish Fork í Utah ríki, byggðinni sem Halldór Laxness lýsir svo vel í snilldarverkinu Paradísaheimt, bókinni um lífsferð Steinars bónda undir Steinahlíðum. Í glampanði sól og hitanum frá rauðri eyðimörk gat að líta íslensku leiðin; lítill íslenskur fáni hjá hverju þeirra sem var legstaður fólks sem fætt var á eyjunni í norðri. Fáninn tákn um íslenskar rætur.

Einnig á Bessastöðum erum við daglega vitni að því hvernig garðurinn við hina gömlu kirkju laðar fólkið til sín, ekki aðeins ættingja og vini hinna látnu heldur einnig ferðamenn, um hundrað þúsund á hverju ári, fólk sem skynjar í kirkjugarðinum við forsetasetrið lítið brot af þjóðarsögu. Margir hafa haft á orði hve einstakt sé að kirkjugarður sé í slíku návígi við heimili forsetans og daglega verkstöð.

Á vetrarkvöldum, einkum um jól, en líka á tímum sem tengjast æviskeiði hinna látnu, blika ljósin sem ættingjarnir setja við leiðin. Sú ljósadýrð er mest um jólin, tíma fagnaðar og góðra fjölskyldustunda. Litskrúðug lýsing í kirkjugörðum, í hverju þorpi, hverjum bæ, borginni Reykjavík og hringinn í kringum landið er hefðbundinn þáttur í hátíðarhöldum okkar Íslendinga – og kirkjugarðurinn á vissan hátt á slíkum stundum gleðigjafi og augnayndi, nánast eins og ævintýrabbyggð þegar horft er úr fjarska á ljósadýrðina.

Já, hlutverkið sem kirkjugarðar gegna í mannlífinu, menningu okkar, sögu og samfélagsgerð er vissulega margslungið og kröfurnar sem gerðar eru eiga sér ýmsar rætur. Oft kann að vera erfitt að uppfylla þær allar svo hver og einn geti vel við unað.

Vissulega er sess kirkjugarða mismunandi í hinum ýmsu löndum – iðulega getur ganga um kirkjugarð á framandi slóðum veitt glögga sýn á menningu og þjóðareðli – en breytingarnar sem eru að verða á samfélögum okkar norrænna manna hafa líka í för með sér að við verðum

í vaxandi mæli að taka mið af arfleifð og trúarbrögðum fólks sem hingað hefur flust á undanförunum áratugum.

Samfélag fjölmenningar og ólíkra trúarbragða sem nú er í mótun á Norðurlöndum færir stjórnendum kirkjugarða nýjar kröfur, verkefni sem sumum kunna að finnast framandi og erfið viðureignar, en samt er mikilvægt að vel takist til með úrlausn þeirra.

Kirkjugarðurinn má ekki vera uppspretta átaka milli ólíkra trúarhópa. Hann þarf miklu fremur að vera helgireitur þar sem allir – fólk af ólíku þjóðerni, með ólíka trú, af öllum kynþáttum veraldarinnar – getur komið saman í söknuði og bæn, átt kyrrðarstund til að kveðja hina látnu eða heimsækja þegar hugurinn kallar, helgireitur þar sem samkenndin ræður ríkjum, garður þar sem togstreitan er gleymd og grafin.

Kirkjugarðurinn er ekki aðeins hvílustaður hinna látnu, hann er ekki síður og kannski miklu frekar griðarstaður hinna lifandi, fólksins sem hrærist í daglegri önn. Við eigum þangað öll erindi, jafnvel oft á æviskeiði, og því áriðandi að vel takist að samræma kröfurnar sem ólíkir hópar kunna að gera til kirkjugarða.

Umræðuefni þessa þings er því svo sannarlega aðkallandi. Afstaða ykkar munu á komandi árum hafa mótandi áhrif á hugarfar þúsundanna.

Ég veit að umhyggja fyrir öllu fólki er leiðarljós í störfum ykkar og ég óska ykkur allra heilla í vandasömum verkum sem þið þurfið að glíma við.

Um leið býð ég norræna gesti velkomna til landsins okkar og vona að fegurð Íslands muni auðga dvöl ykkar ríkulega, kannski á sama hátt og fagur kirkjugarður léttir sára sorg og klæðir minningarnar í glæstan búning.